

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Jörfi – Norðurgrund.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, 15. júní 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis á Kjalarnesi. Í tillögunni felst uppbygging á íbúðarhúsnæði og nýjar lóðir eru skilgreindar innan íbúðarsvæðis ÍB57 skv. aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2040. Um er að ræða fyrsta áfanga af tveimur mögulegum með allt að 81 íbúð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmsheiðarvegur 151.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs, án staðfestingar borgarráðs, 11. október 2023, breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiðar - Landsnets vegna lóðarinnar nr. 151 við Hólmsheiðarveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að byggingarreitur I er færður til og honum snúið ásamt því að lögun reitsins er breytt og hann minnkar. Hámarksbyggingarmagn á reit I er óbreytt. Byggingarreitur II er stækkaður til norðurs og austurs, en áformað er að núverandi grófvörugemysla sem stendur innan reitsins geti stækkað til austurs ef þörf krefur. Einnig er gert ráð fyrir viðbót við bygginguna til norðurs. Hámarksbyggingarmagn á reit II er óbreytt. Gerður er nýr byggingarreitur, byggingarreitur V, þar sem heimilt verður að reisa þrjár byggingar yfir núverandi tengivirki. Bílastæði verða færð til og þeim komið fyrir norðar á lóðinni. Byggingarreitir III og IV verða óbreyttir. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skútuvogur austur – Skútuvogur 5, 7 og 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, 20. september 2023, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skútuvogs austur, vegna lóðarinnar nr. 5, 7 og 9 við Skútuvog. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun á byggingarreit til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 7. nóvember 2023.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 7. nóvember 2023